

## 113. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 20. janúar 2009, kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís Eyþórsdóttir, Björgvin Ólafsson, Guðmundur Kristinsson, Berglind Þorbergsdóttir og Bjarnfríður Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Aðalgata 17, 19 og 21, deiliskipulagsbreyting á verslunar- og þjónustulóðum.  
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Aðalgötu á verslunar- og þjónustulóðum merktar K og N á gildandi skipulagi miðbæjar. Breytingin felst í að fella niður reit N og sameina hann að hluta til lóð K. Syðri hlutinn af lóð N, sem nú er Aðalgata 21 verður aftur gerð að íbúðarhúsalóð og fallið er frá niðurrífi á íbúðarhúsi.  
Samþykkt var að grenndarkynna deiliskipulagsbreytingu dags. 14.11.'08, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir eigendum Aðalgötu 15, 20, 21 og Laufásvegi 10, 12, 14 og 16. Tillagan var í grenndarkynningu frá 21. nóvember til 19. desember '08. Engar athugasemdir bárust.  
Nefndin leggur til að deiliskipulagið verði samþykkt. Björgvin leggst gegn tillögu.
2. Deiliskipulagstillaga af tjaldsvæði og golfvelli.  
Stykkishólmsbær leggur fram tillögu að deiliskipulagi á tjaldsvæði og golfvelli sem sýnir m.a. staðsetningu á þjónustuhúsi tjaldsvæðis, breytta aðkomu að golfskála og lóðarmörk samkvæmt uppdrætti frá Arkitektarstofu OG, dags. 8.8.'08.  
Deiliskipulagstillaga lögð fram. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að norðvesturmörk golfvallar verði 60 m skemra í norðvestur en tillaga gerir ráð fyrir, sbr. uppdrátt dags. 8.08.'08.
3. Reitarvegur 6a, íbúðarhús. Fyrirspurn.  
Lögð fram að nýju tillaga frá Jon Nordstein kt. 180756 2139 f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 um að byggja íbúðarhús við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. jan. '09.  
Nefndin tekur jákvætt í tillögu að uppfylltum skilyrðum Byggingareglugerðar nr. 441/1998.
4. Borgarbraut 1, auglýsingaskilti.  
Lögð fram umsókn Bjarndísar Emilsdóttur f.h. C. Axis hársnyrtistofu kt. 580504 2130 dags. des. '08, um að setja upp auglýsingaskilti Hárstofunnar á þakkant hússins við Borgarbraut nr. 1. Samþykki eigenda liggur fyrir.  
Erindi samþykkt.

5. Önnur mál.

a) Stöðuleyfi á pylsuvagni.

Sæþór Þorbergsson og Einar Gunnarsson sækja um f.h. S.J. Veitinga, kt. 710303-3980, endurnýjun á stöðuleyfi á pylsuvagni frá 19. mars, 2003 sbr. bréf/tölvupóst mótt. 19. 01. '09.

Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 6000.-

B.V.